

SKRÁNINGARLÝSING

JÚNÍ 1999

Verðtryggð skuldabréf FBA 2. flokkur 1999

Efnisyfirlit

| | |
|---|---|
| Almennar upplýsingar um skuldabréf..... | 2 |
| Upplýsingar um útgefanda:..... | 2 |
| Skráning:..... | 2 |
| Almennar upplýsingar um skuldabréfin: | 2 |
| Frekari upplýsingar og gögn:..... | 3 |

Skráningarlýsing þessi er sett fram á stytta formi
með vísan til heimildar í 6. gr. viðauka IV við
reglur um skráningu verðbréfa á VÞÍ

24 JÚNÍ 1999

Almennar upplýsingar um skuldabréf Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., 2. flokk 1999.

Upplýsingar um útgefanda:

| | |
|---|--|
| Útgefandi: | Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. (FBA), kt. 501097-2179, Ármúla 13a, Reykjavík. Sími 580-5000, fax 580-5099. |
| Ábyrgð á skráningarlýsingu: | Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. (FBA), kt. 501097-2179, Ármúla 13a, Reykjavík ábyrgist skráningarlýsingu þessa. |
| Starfsemi útgefanda skv. samþykktum: | Skv. 3. gr. samþykktu Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. er tilgangur félagsins fjármálaþjónusta. Skal félaginu heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem lánastofnunum öðrum en viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimil lögum samkvæmt. |
| Ákvörðun um skuldabréfaútgáfu: | Framkvæmdastjórn FBA samþykkti skuldabréfaútgáfu þessa á fundi sínum þann 16. maí 1999. |

Skráning:

| | |
|---|--|
| Umsjón með sölu og skráningu: | Markaðsviðskipti FBA, kt. 501097-2179, Ármúla 13a, Reykjavík. Sími 580-5000, fax 580-5130. |
| Skráning á Verðbréfaþingi Íslands: | Verðbréfaþing Íslands hefur samþykkt að taka skuldabréfaflokkinn á skrá og verður hann skráður þann 29. júní 1999 enda verði öll skilyrði skráningar uppfyllt. |

Almennar upplýsingar um skuldabréfin:

| | |
|------------------------------------|--|
| Tilgangur sölunnar: | Að afla fjár til starfsemi FBA og auka þannig svigrúm til útlána, fjárfestinga á markaði eða endurfjármögnunar innlána. |
| Sölutímabil: | Skuldabréfin hafa öll verið seld og verði bætt við flokkinn verður tilkynnt um viðbótina til VPÍ og viðbótin skráð í kjölfar þess. |
| Söluaðili: | Markaðsviðskipti FBA, kt. 501097-2179, Ármúla 13a, Reykjavík, sími 580-5000, fax 580-5130. |
| Nafnverð og lánstími: | 2. flokkur 1999 er opinn flokkur og er hann gefinn út með óákveðinni lokastærð. Samtals krónur 600.000.000,- krónur sexhundrað milljónir 00/100 – að þessu sinni. Bréfin í flokknum eru til 20 ára, útgefin þann 25. maí 1999 með lokagjalddaga 25. maí 2019. Skuldabréfin endurgreiðast með jöfnum greiðslum afborgana, vaxta og verðbóta (annúitet) einu sinni á ári, 20 greiðslur alls, í fyrsta skipti 25. maí 2000 og síðasta skipti á lokagjalddaga þann 25. maí 2019. Engin uppsagnarákvæði eru á skuldabréfunum. |
| Nafnvextir og verðtrygging: | Bréfin eru verðtryggð miðað við vísitölu neysliverðs í maí 1999, 186,4 stig. Bréfin bera fasta 4,73% eftirágreidda vexti sem reiknast frá útgáfudegi. |
| Einingar skuldabréfa: | Krónur 10.000.000,00 – að þessu sinni eru gefin út 60 skuldabréf, sem númeruð eru með áframhaldandi númeraröð frá 1-60. Verði bætt í flokkinn heldur númeraröð áfram. |
| Greiðslustaður: | FBA, Ármúla 13a, Reykjavík, eða banka eða sparisjóði ef slíkum aðila verður falin bréfin til innheimtu. |
| Hlunnindi: | Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum. |
| Fyrningarákvæði: | Kröfur um greiðslu höfuðstóls skv. skuldabréfunum fyrnast á 10 árum frá gjalddaga, skv. 4. gr. laga nr. 14/1905. Kröfur um vexti fyrnast á 4 árum frá gjalddaga skv. 3. gr. laga nr. 14/1905. |
| Viðtökudráttur: | Verði skuldabréfunum framvísað til greiðslu eftir gjalddaga mun kröfuhafa hvorki verða greiddir vextir né dráttarvextir frá gjalddaga til greiðsludags. Verði um vanefndir skuldara að ræða greiðast dráttarvextir skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá gjalddaga til |



greiðsludags.

Framsöl: Bréf eru gefin út á nafn, kennitölu og heimilisfang kröfuhafa. Um framsal skuldabréfanna fer samkvæmt íslenskum lögum og almennum reglum um viðskiptabréf.

Stimpilgjöld: Skuldabréfin eru undanþegin stimpilgjöldum skv. 6. gr. laga nr. 65/1982 um skattskyldu lánastofnana.

Skattskylda: Skattaleg meðferð skuldabréfanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Skv. 3. gr. l. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur er FBA skylt að draga staðgreiðslu af fjármagnstekjum og skila í ríkissjóð.

Meðferð ágreinings: Rísi mál út af skuldabréfunum má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Greiðsluskilmálar: Skuldabréfin eru seld og afhent gegn staðgreiðslu.

Ávöxtunarkrafa og gengi á Útgáfudagur var 25. maí 1999.

útgáfudegi:

Ávöxtunarkrafa á útgáfudegi var 4,73% og sölugengi 1,0.

Ávöxtunarkrafa og sölugengi ákvarðast af markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Upplýsingar um ávöxtunarkröfu og gengi skuldabréfanna á sölutímabilinu eru gefnar af Markaðsviðskiptum FBA, Ármúla 13a, Reykjavík.

Tryggingar: FBA ábyrgist endurgreiðslu bréfanna með tekjum sínum og eignum.

Frekari upplýsingar og gögn:

Upplýsingar og gögn: Skráningarlýsing og önnur gögn um FBA, sem vísað er til í skráningarlýsingu þessari, liggja frammi hjá Markaðsviðskiptum FBA, Ármúla 13a, Reykjavík.

